



Kópavogi, 19. ágúst 2026

Tillaga fyrir bæjarráð Kópavogsbæjar um skipun samráðsvettvangs vegna framkvæmda í miðbæ Kópavogs

Lagt er til að Kópavogsbær komi á samráðsvettvangi vegna framkvæmda í miðbæ Kópavogs þar sem haghafar vegna framkvæmdanna geti samræmt upplýsingagjöf og tilhögun framkvæmdanna til að lágmarka það risk og ónæði sem framkvæmdunum fylgir fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu.

Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá eftirtöldum aðilum:

- 1) Kópavogsbær
- 2) Lóðarhafar
- 3) Framkvæmdaaðilar
- 4) Fulltrúar íbúa í Fannborg 1, 3, 5, 7, 8 og 9.
- 5) Fulltrúar íbúa í Hamraborg 30, 32, 34, 36 og 38.
- 6) Fulltrúar fyrirtækjaeigenda í Hamraborg 10 og 12.

Lagt er til að skipuð verði þriggja manna undirbúningsnefnd sem ákveði nánar hlutverk samráðsvettvangsins, skipun hópsins og að gerð verði fundaráætlun og verklýsing. Undirbúningsnefndin skal skipuð undirrituðum, fulltrúa meirihlutans og fulltrúa umhverfissviðs Kópavogsbæjar. Lagt skal upp með að samráðsvettvangurinn geti hafið fundarhald í lok september 2026.

Greinagerð:

Framkvæmdir sem nú eru hafnar á Fannborgarreit og Traðarreit vestur. Af samtölum við íbúa að dæma og fréttáflutningi í vor og sumar hafa þær farið illa af stað. Upplýsingar um framkvæmdina hafa verið af skornum skammti og margt gerst á framkvæmdasvæðinu án þess að íbúum hafi verið gert viðvart. Þá hefur upplýsingagjöfin verið einhliða og tækifæri íbúa og fyrirtækjaeigenda á svæðinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri verið lítil sem engin.

Rask og ónæði sem íbúar og fyrirtækjaeigendur í Fannborg og Hamraborg hefur farið umfram þau mörk sem eðlilegt getur talist. Rúðubrot og aðrar skemmdir á fasteignum hafa ítrekað átt sér stað, hávaði er töluverður og tímaáætlanir sem kynntar hafa verið fyrir íbúum standast ekki. Þá hafa veitt vilyrði um frið frá framkvæmdunum um helgar ekki staðist og vinna byrjar fyrr á morgnana og hættir síðar en upplýst var um að yrði raunin.

Dæmi eru um að íbúar hafi flúið heimili sín vegna ónæðis. Krossviðarplötum hefur verið komið fyrir við sumar íbúðir á svæðinu þannig að ekkert sólarljós fær notið sín í íbúðunum. Ekkert var upplýst um þessar aðgerðir frá hendi framkvæmdaaðila á fundum sem hafa verið haldnir. Þá eru miklar áhyggjur um brunavarnir, bæði hvað varðar aðkomu viðbragsaðila sem og undankomuleiðir. Til dæmis hefur inngangurinn af bílastæðapallinum, sem nú hefur verið rifinn, verið aðalinngangur íbúa að Gjábakka. Íbúar í blokkinni, þar sem meðalaldur er 88 ár, upplifa óöryggi hvað varðar möguleika sína til að komast undan í neyð. Tekið skal fram að hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Íbúar lifa í óvissu um framkvæmdirnar því þær slitróttu upplýsingar sem þó eru veittar hafa ekki staðist.

Íbúar upplifa ekki að þeir geti treyst bænum sínum. Þrátt fyrir að um stórfamkvæmdir sé að ræða á Kópavogsbær ekki að veigra sér við samtali við bæjarbúa sína, sérstaklega ekki þá sem bærinn biður um að færa fórnir í þágu framkvæmdanna.

Fyrr í sumar óskuðu fulltrúar Samfylkingar í skipulags- og umhverfisráði eftir greinargerð um samskiptaáætlun bæjarins vegna framkvæmdanna. Vinna við svörun þeirrar fyrirspurnar stendur væntanlega enn yfir en frá því að hún var lögð fram hefur mikið vatn runnið til sjávar og ljóst að ekki verður við unað án breytinga. Kópavogsbær þarf að stíga upp, miðla málum og tryggja að framkvæmdirnar fari fram í sem mestri sátt við íbúa.

Í samtölum undirritaðs við íbúa á svæðinu er fyrst og fremst krafist upplýsinga og samtals. Því er lagt til að settur verði á laggirnar samráðsvettvangur með þátttöku þeirra aðila sem að verkefninu koma þar sem samráð geti farið fram um hvernig upplýsingum er miðlað og samtal átt sér stað um hvernig framkvæmdunum verði best við komið.

Jónas Már Torfason
bæjarfulltrúi Samfylkingar
bæjarráðsmaður
